



Héraðsskjalasafn
Árnesinga



ÁRSSKÝRSLA 2013
Héraðsskjalasafn Árnesinga

Annáll 2013

Árið 2013 markaði viss tímamót í rekstri Héraðsskjalasafns Árnesinga. Ljósmyndavefur safnsins *myndasetur.is* var opnaður formlega og rúmlega 45.000 ljósmyndir gerðar aðgengilegar almenningi. Seinna á árinu voru 15.000 ljósmyndir til viðbótar settar á vefinn. Á vefsíðunni er auk þess að finna margvíslegar upplýsingar um starfsemi og rekstur skjalasafnsins. Gangskör í eftirliti og ráðgjöf með skjalavörslu skilaskyldra aðila sem hófst árið 2010 er nú sívaxandi hluti af starfsemi skjalasafnsins og ljóst að þau verkefni sem þá var ráðist í s.s. skráning skv. alþjóðlegum stöðlum, gerð og prófun verkferla hafa haft jákvæð áhrif á aðra þætti í starfsemi skjalasafnsins. Hefðbundin verkefni s.s. skjalaskráning, afgreiðsla erinda og fyrirspurna auk lána á lestrarsal voru með mesta móti á árinu.

Fagråd og starfsmenn

Í kjölfar breytinga á Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 tók Héraðsnefnd Árnesinga bs. við af Héraðsnefnd Árnesinga. Á árinu 2013 var heiti stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga síðan breytt í Fagråd Héraðsskjalasafns Árnesinga en mannabreytingar voru engar. Formaður Fagráðs er Sveinn S. Steinarsson, varaformaður er Kjartan Björnsson og ritari er Tryggvi Steinarsson.

Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru fjögur á árinu. Héraðsskjalavörður og skjalavörður í fullu starfi voru Þorsteinn Tryggvi Másson og Sævar Logi Ólafsson. Starfsmenn í ljósmyndaverkefni voru Guðlaug Jóna Helgadóttir og Jóhann Ólafur Sigurðsson.

Starfsemi og aðbúnaður

Skráning fyrirspurna og erinda auk lána á lestrarsal var með sama hætti árið 2013 og undanfarin ár. Þetta fyrirkomulag gefur góða mynd af þjónustuhlutverki skjalasafnsins gagnvart sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum, ríki og almenningi. Skráningin gefur líka vísbendingar um hvaða skjöl eða skjalasöfn þarf að afrita til að tryggja vörslu þeirra. Eitt af framtíðarverkefnum skjalasafnsins er að gera hluta þessara skjala aðgengileg á vefsíðu safnsins og er undirbúningur að því þegar hafinn.

Safnastefna héraðsskjalasafnsins markast fyrst og fremst af lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 og Reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Ýmis átaksverkefni sem héraðsskjalasafnið tekur þátt í, t.d. í samvinnu við önnur skjalasöfn, Félag héraðsskjalavarda á Íslandi eða sveitarfélög hafa líka áhrif á hverskonar skjalasöfn eru afhent til vörslu á héraðsskjalasafnið. Meginreglan hefur alltaf verið að taka við þeim skjölum sem berast.

Fjöldi gesta sem rituðu nafn sitt í gestabók héraðsskjalasafnsins var 1001 en það er með mesta móti allt frá stofnun héraðsskjalasafnsins árið 1985.

Fyrirspurnir og erindi, þ.m.t. lán á sal og afhendingar voru 1090, en 846 árið 2012, 615 árið 2011 og 468 árið 2010. Þetta er 29% aukning á milli áruna 2012 og 2013, en sé tekið mið af árinu 2010 er aukningin 133%. Árið 2013 er fyrsta starfsár héraðsskjala-

© Héraðsskjalasafn Árnesinga 2014

Ritstjórn: Þorsteinn Tryggvi Másson og Sævar Logi Ólafsson.

Umbrot: Þorsteinn Tryggvi Másson.

Prófarkalestur: Jón M. Ívarsson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum héraðsskjalasafnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd sýnir Suðurvararbyggjuna í Þorlákshöfn á góðviðrisdegi um eða upp úr 1962. Flutningaskipið Stefan Goteborg við byggjuna og bátar á bóli. Líklega Ingimundur Guðjónsson með hest á tali við sparibúin hjón fyrir miðri mynd. Ljósmyndari Ottó Eyfjörð 2013/10_OE_07413.

Baksíðumynd er úr safni Helga Ágústssonar og sýnir hús við Eyrarveg, Selfossveg, Smáratún, Þóristún, Selfoskirkju og Selfossbæina í baksýn. Myndin er líklega tekin fyrirhluta árs 1956. 2013/55_HÁ_00001.

ISSN 2298 – 1020

safnsins þar sem fjöldi fyrirspurna og erinda eru fleiri en fjöldi gesta sem rituðu nafn sitt í gestabók skjalasafnsins. Það er ekki nein einhlít skýring á þessari aukningu, en aukinn sýnileiki skjalasafnsins, ljósmyndaverkefnið og aukid eftirlit með skilaskyldum aðilum vegur væntanlega þyngst.

Afhendingar voru 82 á síðasta ári en 79 árið á undan og 89 árið 2011. Lán á sal voru 74, þarna er aðeins vísað í fjölda lána, ekki fjölda askja eða arka. Beinir fyrirspurnir eða erindi sem kölluðu á afgreiðslu voru 505, en 372 vegna ljósmynda, þ.m.t. aðstoð vegna skráningar á ljósmyndum. 177 fyrirspurnir og erindi komu frá sveitarfélögum, stofnunum þeirra og ríkisstofnunum. Þar fyrir utan voru 33 fyrirspurnir frá skilaskyldum aðilum tengdar eftirliti og ráðgjöf. Notkun kirkjubóka jókst mikið á milli ára, en 75 sinnum voru kirkjubækur notaðar á árinu vegna ættfræðirannsókna. Eins og þessar tölur bera með sér fer sífellt meiri tími starfsmanna í ýmskonar þjónustu við notendur héraðsskjalasafnsins.

Á árinu voru skjöl lánud í millisafnalán vegna ritunar sögu Ungmennafélags Biskupstungna og vegna ýmissa sýninga í héraði. Skjöl frá Héraðsskjalasafni Rangæinga og Vestur-Skaftfellingu voru fengin í millisafnaláni vegna rannsókna.

Afgreiðslutími skjalasafnsins var lengdur á árinu og er safnið nú opið frá 10 – 16 alla virka daga en lokað á miðvikudögum. Skjalasafnið var lokað vegna sumarleyfa í tvær vikur í júlí.

Skráningu afhendinga sem bárust á árinu 2013 var sinnt jafnóðum. Alls bárust 82 afhendingar, eins og áður sagði, samtals 53,66 hillumetrar. Eins og árið 2012

var horft til skráningu á ljósmyndasöfnum þegar kom að skráningu á eldri afhendingum, en margar þessara afhendinga voru gerðar aðgengilegar á vefsíðu skjalasafnsins, myndasetur.is, á árinu. Haldið var áfram að skrá eldri afhendingar í samræmi við alþjóðlega staðla, ISAD-G og ISAAR sem gefnir eru út af Alþjóðlega skjalaráðinu ICA. Staðlarnir taka til skjalaskráningar, upp-
tilheyra viðkomandi afhendingarnúmeri. Þessar upplýsingar eru settar fram í sérstakri greinargerð með hverri afhendingu. Greinargerðir og skjalaskrár eru aðgengilegar almenníngi á lestrarsal. Óheimilt er að hafa persónugreinanlegar upplýsingar í skrá sem liggja frammi. Á árinu 2013 var farið yfir skráningu á afhendingum frá 2007, skráning lagfærð og samræmd. Þá voru nokkrar afhendingar frá því ári frumskráðar. Afhendingar ársins 2007 eru 62, alls 25,17 hillumetrar. Nú er búið



Jón M. Ivarsson sagnfræðingur fer yfir skjalaskrár Ungmennafélags Biskupstungna á lestrarsal safnsins.

að skrá 579 afhendingar frá árunum 2007 – 2013 í samræmi við staðlana.

Huga þarf að rannsóknarskyldum starfsmanna á safnkostinum og mögulegri birtingu á greinum starfsmanna í tengslum við sagnfræðilegar rannsóknir. Skráning og frágangur á skjölum í samræmi við alþjóðlega staðla

bætir bæði yfirsýn yfir safnkostinn og auðveldar aðgengi að skjölum.

Tvær afhendingar fengu safnmark 1013/ auk afhendingarnúmers en ekki er vitað hvenær þær bárust safninu. Skráning skjalasafna og gerð greinargerða var eins og áður að mestu í höndum Sævars Loga Ólafssonar skjalavarðar.

Vinnu við endurskipulagningu í skjalageymslum safnsins og frágang á eldri afhendingum var framhaldið en sú vinna hófst síðla sumars 2011. Þessi vinna er mun umfangsmeiri en ætlað var í fyrstu en nauðsynleg, til að tryggja að allar afhendingar fái eigið afhendingarnúmer og séu skráðar í samræmi við ofanefnda staðla. Meginmarkmið með endurskipulagningu á skjalageymslunum er að; Fá fyllra yfirlit yfir safnkostinn, fjölda afhendinga, ástand þeirra og auðvela leit í skjalasöfnunum. Afhendinganúmer stemma ekki alltaf við þær afhendingar sem búið er að skrá og þá á enn eftir að skrá nokkuð magn af eldri afhendingum. Dæmi eru um að eitt og sama afhendingarnúmer sé notað á fleiri en eina afhendingu, en fyrrnefndir staðlar gera kröfu um að afhendingar fái einkvæmt númer.

Vinna við endurskráningu opnar á þann möguleika að setja aðfangabók og eða skjalaskrárnar á vefsíðu héraðsskjalasafnsins t.d. sem pdf skjöl. Þessi leið er bæði tæknilega einföld og ódýr um leið og að hún getur auðveldað aðgengi að safnkostinum og þá um leið létt á vinnu starfsmanna vegna fyrirspurna. Eftir sem áður má reikna með því að langflestar fyrirspurnir þurfi fyrst að fara í gegnum hendurnar á starfsmönnum safnsins. Sú sérfræðipækking sem starfsmenn safnsins ráða yfir er í raun það yfirgrípsmikil og í eðli sínu þannig að hana er ekki hægt að setja fram á vefsíðu.

Þorsteinn Tryggvi og Sævar Logi tóku virkan þátt í starfi Félags héraðsskjalavarða á Íslandi á árinu. Meginhlutverk félagsins er að styðja við héraðsskjalasöfnin, starfsmenn þeirra og þá vinnu sem þar fer fram. Félagið hélt fjölda funda á árinu þar sem héraðsskjalaverðir báru saman bækur sínar og þá var þriðja ráðstefna félagsins haldin í Kópavogi. Nokkrum tíma var varið í að ræða um; sameiginlegan skjalaskrárgrunn Þjóðskjalasafns Íslands, samskrá um einkaskjalasöfn, og þá eins hvort ódýrari lausnir væru í boði. Alþjóðskjalaráðið ICA býður skjalasöfnum að nota ATOM, sem er ókeypis hugbúnaður. Félag héraðsskjalavarða



Bréf úr afhendingu 2013/17 Gíslí Guðmundsson. Gíslí lauk námi í skipasmíði 1937, vann þá í slippnum í Reykjavík og síðar hjá Reykjavíkurborg. Skjölín tengjast Vatnsleysu en afi Gíslí var Gíslí Matthíasson bústjóri á Vatnsleysu. Móðuramma Gíslí var Sesselja Jónsdóttir, systir Brynjúlfs Jónssonar fræðimanns frá Minna-Núpi.

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra kynnti sér ljósmyndaverkefnið 25. janúar þegar hún heimsótti Fjölbrotaskólann og fleiri stofnanir á Suðurlandi.



heldur úti heimasíðunni www.heraðsskjalasafn.is. Ritstjórar vefsins frá byrjun eru Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs og Þorsteinn Tryggvi Másson.

18. apríl 2012 hófst átaksverkefni ÍSÍ og Félags héraðsskjalavarða á Íslandi um söfnun og skráningu á skjölum íþróttafélaga. Átta afhendingar voru afhendar á skjalasafnið 2012 og átta afhendingar til viðbótar voru afhendar á árinu 2013 en áttíu lauk formlega í ársbyrjun 2013. Skýrsla um átakið er að finna á heimasíðu Félags héraðsskjalavarða. Í lok ársins afhenti ÍSÍ svo héraðsskjalasöfnunum afmælisrit sambandsins *Íþróttabókin. ÍSÍ - Saga og samfélag í 100 ár*. Fjöldmörg félög eiga enn eftir að afhenda skjöl og ljóst að verkefni af þessu tagi eiga í raun ekki endapunkt.

Samráðshópur Félags héraðsskjalavarða um langtímarvarðveislu rafrænna skjala kom saman á nokkrum óformlegum fundum á árinu en Þorsteinn Tryggvi er í hópnum ásamt Hrafn Sveinbjarnarsyni, héraðsskjalaverði og Svanhildi Bogadóttur, borgarskjalaverði. Nokkur ráðuneyti og stofnanir á vegum ríkisins hafa stígið fyrstu skrefin þegar kemur að langtímarvarðveislu rafrænna skjala. Það verður fróðlegt að fylgjast með þessu á næstu árum en tíminn verður notaður til að undirbúa og skoða ýmsa þætti í skjalavörslu sveitarfélaganna.

Þorsteinn Tryggvi og Sævar Logi skrifuðu grein í *Nordisk arkivnyt* um ljósmyndaverkefni skjalasafnanna á Egilsstöðum, Sauðárkróki og Selfossi.

Eftirlit og ráðgjöf

Miklum tíma var varið í eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu sveitarfélaga og undirstofnana þeirra á árinu. Lokið var við endurskoðun á bréfalyklum/málalyklum Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Árborgar en hið síðarnefnda er nú með samþykktan málalykil. Bláskógabyggð, Hveragerðisbær, og Sveitarfélagið Ölfus eru með endurskoðaða málalykla á borði sveitarstjóra.

Vinna við gerð skjalavistunaráætla fyrir tvö sveitarfélög var haldið áfram en þá vinnu á enn eftir að kynna og fara yfir með starfsmönnum sveitarfélaganna.

Eins og árið 2012 var mestum tíma varið í gerð skjalavistunaráætla fyrir grunnskólana í sýslunni. Forsaga þess máls er ráðstefna um skjalavörslu leik- og grunnskóla sem Félag héraðsskjalavarða stóð fyrir árið 2010. Í framhaldi voru haldin námskeið fyrir skólastjórnendur og starfsmenn grunnskóla. Vinna við gerð skjalavistunaráætla hófst síðan árið 2012 og þá um haustið voru haldnir kynningarfundir með skólastjórnendum nokkurra grunnskóla þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins, lagaskyldu, meginmarkmið og tilgang verkefnisins og innleiðingu þess. Í kjölfarið var komið á fót samstarfshópi stjórnenda og kennara í Vallaskóla á Selfossi og skjalavarða auk þess sem nokkrir skólar fengu frekari kynningu á verkefninu. Veturinn 2012 – 2013 vann samstarfshópurinn í samræmi við leiðbeiningar héraðsskjalasafnsins eftir skjalavistunaráætlun og bréfalykli. Nokkrar breytingar voru gerðar á skjalavistunaráætluninni

ad ósk starfsmanna og ljóst að þessi samvinna skilaði góðum árangri. Frá haustinu 2013 er skjalavarsla í Vallaskóla formlega unnin samkvæmt skjalavistunaráætlun og samþykktum bréfa/málalykli. Skólastjórnendur annarra skóla hafa kynnt sér skjalavistunaráætlun Vallaskóla og hún verði aðlöguð ad starfsemi þeirra. Ljóst er ad kynning og innleiðing tekur lengri tíma en áætlað var í fyrstu og af þeim sökum verður nokkurt framhald á þessari vinnu.

Fyrirspurnum frá sveitarfélagunum hefur á undanförunum árum fjölgað jafnt og þétt en mikilvægt er ad þeim sé svarað bæði fljótt og vel. Meiri tími hefur farið í gagnaöflun og rannsóknir en áður og sýnir það hve mikilvægt það er fyrir sveitarfélögin ad hafa þennan beina aðgang ad þeim skjölum sem þau mynda. Sú sérfræðipækking sem fyrir er hjá starfsmönnum sveitarfélaganna og á skjalasafninu og sú staðreynd ad báðir aðilar þekkja samfélagið gerir þessa vinnu einfaldari og ódýrari en ella.



Sævar Logi skoðar gögn á floppy diskum en nokkuð er um ad disklingar fylgi með afhendingum á skjalasafnið.

Eins og á undanförunum árum eru stærstu afhendingarnar á héraðsskjalasafnið frá sveitarfélögunum sjálfum og undirstofnunum þeirra. Meginreglan hefur verið sú að starfsmenn skjalasafnsins aðstoða sveitarfélögin þannig að þeir ná í skjölin skv. samkomulagi og skrá, flokka á ganga frá þeim í geymslur safnsins en þessa vinnu greiða sveitarfélögin sérstaklega fyrir. Það hefur sýnt sig að þessi háttur er bæði ódýrari og skilvirkari fyrir sveitarfélögin þar sem starfsmenn skjalasafnsins geta auðveldlega leitað til starfsmanna eftir upplýsingum ef þess þarf.

Sýningar - opnanir

Skjalasafnið tók þátt í og kom að nokkrum sýningum á árinu. Hæst ber opnun á ljósmyndavef héraðsskjalasafnsins *myndasetur.is* á Vori í Árborg þann 10. maí, í hátíðarsal Fjölbautaskóla Suðurlands. Þar var vefurinn kynntur, farið yfir tilurð verkefnisins allt frá byrjun og uppbygging vefsins skýrð. Þegar vefurinn opnaði voru 45.000 ljósmyndir á vefnum. Þá var húsavefur Sveitarfélagsins Árborgar opnaður við sama tækifæri en vefurinn er að hluta til samstarfsverkefni sveitarfélagsins og héraðsskjalasafnsins. Mikið magn heimilda um sögu húsa í sveitarfélaginu auk ljósmynda er að finna á skjalasafninu. Fjöldi gesta var viðstaddur og á milli kynninga voru nokkur tónlistaratriði, m.a. söng 70 barna kór Selfosskirkju og gesta frá Hafnarfirði.

Skjöl tengd Þórdísi Símonardóttur ljósmóður á Eyrarbakka voru ýmist lánuð eða afrituð á sýningu Byggðasafns Árnesinga sem tileinkuð var Þórdísi.



Upplit Menningarklasi uppsveita Árnessýslu fékk að láni gögn úr safni Ólafs Ketilssonar á sýningu um safnara í tengslum við Safnahelgina á Suðurlandi 31. október til 3. nóvember en sýningin var opin almenningi út nóvember. Í tengslum við Safnahelgina voru 15.000 nýjar ljósmyndir settar á *myndasetur.is*. Nú eru rúmlega 60.000 ljósmyndir á ljósmyndavefnum.

Facebook síða héraðsskjalasafnsins var notuð jöfnum höndum til að sýna ljósmyndir og vekja athygli á ljósmyndaverkefni safnsins en fjöldamargar ábendingar og athugasemdir bárust okkur í gegnum síðuna eins og undanfarin ár. Föstudagsmyndirnar svokölluðu hafa jafnan vakið mikla eftirtekt og eru góð auglýsing.



Það var bálhvasst þegar myndaskilti af laxveiði í Ölfusá var afhjúpað á Miðsvæðinu. Það var mikið ánægjuefni að Henry Jacobsen var viðstaddur en hann er einn af Dönum sem byrjuðu að stunda stangveiði af kappi þarna um miðja 20. öld.

Aðventusýning skjalasafnsins opnaði 1. desember, en þetta er í fjórða skipti sem ljósmyndir í vörslu safnsins eru til sýnis með þessum hætti, þ.e. á 3 x 2 metra tjaldi. Þarna var sýnt brot af þeim mikla fjölda mynda sem afhentar hafa verið á skjalasafnið á undanförunum árum m.a. ljósmyndir: Arnórs Karlssonar, Eyjólfssonar, bræðrana Gunnars og Herberts Gränz, Jóhanns Þórs Sigurbergssonar, Miðengissystkinanna, Ottós Eyfjörð, Sigurðar Jónssonar og Tómasar Jónssonar auk mynda úr öðrum afhendingum. Sýningin er útisýning þar sem gestir og gangandi geta skoðað myndir á leið sinni fram hjá skjalasafninu í miðbæ Selfoss.

Námskeið og fundir

Starfsmenn héraðsskjalasafnsins sóttu ýmis námskeið og fundi á árinu, auk þess að koma að skipulagningu námskeiða og fræðslu með ýmsum hætti.

12. apríl var í Þjóðskjalasafni Íslands haldinn fundur lykilstarfsmanna Þjóðskjalasafns og starfsmanna héraðsskjalasafna. Dagskrá fundarinnar var fjölbreytt þar sem ýmis verkefni voru kynnt og reifuð. Um langt árabíl hefur staðið til að útbúa samskrá yfir einkaskjalasöfn á opinberum skjalasöfnum. Ákveðið var að skipa vinnuhóp og gera þarfagreiningu þar sem þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir samskrá voru teknar saman. Í nóvember og desember var lokið við að taka þessar upplýsingar saman á skjalasafninu og þær sendar á Þjóðskjalasafn í byrjun árs 2014. Þá voru drög að skýrslu um eftirlitsheimsóknir starfsmanna Þjóðskjalasafns á héraðsskjalasöfnum á árunum 2010 – 2012 kynnt en líflugar umræður spunnust vegna skýrslunnar. Mikilvægt er að skýrslan nýtist héraðsskjalasöfnunum til frekari uppbyggingar á þeirri mikilvægu þjónustu sem þar fer fram.

Starfsmenn
héraðsskjala-
safna í stúkunn
í Kópavogi. Ljóm.
Gunnar Marel
Hinriksson.



Þjóðskjalavörður Eiríkur G. Guðmundsson kynnti tillögu að söfnun á tölfraedi-upplýsingum á skjalasöfnunum og þá voru nokkur átaksverkefni kynnt. Þorsteinn Tryggvi kynnti ljósmyndaverkefni héraðsskjalasafnanna á Egilsstöðum, Sauðárkróki og í Árnessýslu, fjármögnun, verkferla og vefviðmót. Þá var frumvarp til laga um opinber skjalasöfn kynnt fyrir héraðsskjalavörðum og starfsmönnum héraðsskjalasafnanna. Héraðsskjalavörður hefur sent inn athugasemdir við frumvarpið og þá hefur Félag héraðsskjalavarda m.a. sent athugasemdir. Frumvarpið var svo lagt fram á yfirstandandi þingi og hefur nú verið vísað til allsherjar- og menntamálanefndar. Héraðsskjalavörður sendi ásamt héraðsskjalaverði Skagfirðinga athugasemdir við frumvarpið í núverandi mynd en fjöldi athugasemda bárust frá ýmsum aðilum. Mikilvægt er að ný lög styrki héraðsskjalasöfnin enn frekar og þá þarf að huga að sjálfstæði sveitarfélaganna og þeirri stjórnsýslulegu ábyrgð og þjónustu sem innt er af hendi á héraðsskjalasöfnunum. En ákvarðanir um aðgengi að skjölum í samræmi við lög eru teknar af forstöðumönnum safnanna. Það hefur sýnt sig að aðgengi að skjölum í heimabyggð skiptir miklu máli bæði fyrir sveitarfélög og íbúa. Afgreiðsla er fyrir bragðið einfaldari, fljótlegri og ódýrari auk þess sem þekking starfsmanna á nærsamfélaginu skiptir máli.

Þá var rætt um sameiginlega rafræna skjalaskrá og þátttökukostnað. Þetta verkefni hefur verið á teikniborðinu í nokkur ár og héraðsskjalasafnið komið að því með beinum hætti á árunum 2011 og 2012 þar sem skjalaskrár voru settar inn í skjalaskrárgrunninn. Ljóst er að þær kostnaðartölur sem voru ræddar á fundinum eru of háar. Aðkoma héraðsskjalasafnanna að skjalaskrárgrunninum er því í biðstöðu eins og staðan er núna. Allar afhendingar á héraðsskjalasafnið á árabílinu 2007 – 2013 er hægt að láta beint inn í grunninn þar sem skráning samræmist ISAD-G staðlinum.



Sævar Logi
fer yfir skráningu
skjalasafna á
ráðstefnu Félags
héraðsskjalavarda.
Ljóm. Gunnar Marel
Hinriksson.

Megintilgangur skjalaskrárgrunnsins er að einfalda aðgengi almennings, fræðasamfélagsins og stofnana að þeim skjölum sem er að finna á skjalasöfnunum. Þessu má ná fram með einfaldari og ódýrari hætti s.s. við að birta aðfangabækur eða skjalaskrár á pdf formi á vefsíðum skjalasafnanna og gera þær þannig leitarbærar. Stórar samskrár nýtast alla jafna frekar fræðasamfélaginu en almenningi því nokkra sérþekkingu þarf til að lesa skrárnar. Flestir eiga væntanlega eins og áður eftir að leita til starfsmanna safnanna þegar verið er að leita fanga á skjalasöfnunum vegna þekkingar starfsmanna á safnkostinum en þá þekkingu er erfitt að setja á blað.

Alþjóðlega skjaladaginn 9. júní bar upp á sunnudegi. Félag héraðsskjalavarda og héraðsskjalasöfnin voru í tilefni dagsins með opið hús föstudaginn 7. júní. Að þessu sinni var vakin athygli á mikilvægi starfs skjalasafna og mikilvægi þess að skjöl séu varðveitt með tryggilegum hætti, boðið var upp á kaffi og veitingar og gestir þar fyrir utan fræddir almennt um starfsemi skjalasafnsins.

Félag héraðsskjalavarda stóð fyrir ráðstefnu fyrir starfsmenn héraðsskjalasafna í Kópavogi 23. og 24. september í stúkunn við Kópavogsvöllinn. Dagskrá ráðstefnunnar var eins og undanfarin ár fjölbreytt. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs bauð gesti velkomna og Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri setti ráðstefnuna. Sævar Logi skjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson skjalavörður á Héraðsskjalasafni Kópavogs riðu á vaðið, en þeir stjórnðu málstofu um skráningu skjalasafna þar sem farið var yfir vinnuferla, aðferðir við móttöku, skráningu og frágang á skjalasöfnunum. Fyrri daginn var einnig fjallað um aðferðir við afgreiðslu skjala, söfnun á tölfraediupplýsingum og með hvaða hætti hægt er nýta slíkar upplýsingar. Um kvöldið var móttaka í boði Kópavogsbæjar í nýjum húsakynnum héraðsskjalasafnsins.

Seinni daginn fluttu Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður og Þorsteinn Tryggvi

erindi um langtímaráðveislu rafrænna skjala og héraðsskjalasöfnin, þar sem rýnt var í stöðu skjalavörslu í sveitarfélögum, möguleika skjalasafnanna á því að koma að langtímaráðveislu rafrænna skjala, kostnaði við rafræna skjalavörslu og kost og galla þess að varðveita skjöl á pappír eða á rafrænu formi. Ljóst er að mikil vinna er framundan áður en rafræn langtímaráðveisla skjala á sveitarstjórnarstiginu verður raunhæfur kostur. Enn er óljóst hve mikið rafræn langtímaráðveisla skjala mun kosta, regluverk varðandi afgreiðslu á gögnum úr rafrænum grunnum er flókið og þá krefst langtímaráðveisla rafrænna gagna þess að verkferlar í kringum skráningu á málum séu hafnir yfir alla gagnrýni. Tæknilegar útfærslur þegar kemur að leit í rafrænum gögnum þarf að kynna bæði fyrir sveitarstjórnarmönnum, fræðasamfélaginu og almenningi þar sem leit fer fram á allt öðrum forsendum í þessum gögnum borið saman við skjalasöfn sem eru varðveitt á pappír. Það þarf allt að vera uppi á borðinu þegar ákvörðun um að fara út í langtímaráðveislu rafrænna skjala er tekin. Þorsteinn Tryggvi flutti auk þess erindi um mögulegt klasasamstarf skjalasafna. Þá voru flutt erindi um Óðfræðivefinn Braga, skjöl byggingarfulltrúa, ATOM sem er samræmd skjalaskrá Alþjóða skjalaráðsins, samstarfsverkefni og kjaramál héraðsskjalavarda. Héraðsskjalasafni Kópavogs, Hrafn Sveinbjarnarsyni héraðsskjalaverði og Gunnari Marel Hinrikssyni skjalaverði er færðar bestu þakkir fyrir gestrisnina.

Aðalfundur Félags héraðsskjalavarda var haldinn 23. september en stjórn félagsins skipa að þessu sinni: Aðalbjörg Skúladóttir héraðsskjalavörður á Akureyri, Birna Mjöll Sigurðardóttir, héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir héraðsskjalavörður Akraness, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs, Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður og Þorsteinn Tryggvi Músson héraðsskjalavörður Árnesinga.

Af öðrum ráðstefnum og fundum sem starfsmenn sóttu má nefna málstofu um Bláa skjöldinn þar sem fjallað var um varðveislu menningarverðmæta í átökum og náttúruhamförum en Ísland er eitt þriggja ríkja í Evrópu sem ekki hefur gerst aðili að sáttmálanum. Þá var starfsemi skjalasafnsins og ljósmyndaverkefnið kynnt fyrir ýmsum félagsamtökum.

Ljósmyndaverkefni

Héraðsskjalasafn Árnesinga og héraðsskjalasöfnin á Egilsstöðum og á Sauðárkróki fengu úthlutað 15.000.000 krónum á fjárlögum til atvinnuskapandi verkefnis við skönnun og skráningu á ljósmyndum árið 2013. Forsaga þessa verkefnisins nær aftur til haustsins 2010 þegar héraðsskjalasöfnin þrjú sóttu um styrk til alþingis vegna verkefnisins. Þá um haustið fór Gunnar Sigurgeirsson um héraðið og safnaði ljósmyndum. Söfnun Gunnars markar í raun upphaf ljósmyndaverkefnisins.

10. maí var ljósmyndavefurinn *myndasetur.is* opnaður fornlega. Opnunun markar tímamót í sögu skjalasafnsins og ljóst að verkefnið mun á næstu árum móta menningartengda starfsemi safnsins. Vefurinn er þar fyrir utan góð kynning á allri starfsemi skjalasafnsins og mun í framtíðinni ekki aðeins nýtast til að birta myndir, en ætlunin er að



Tómas Jónsson og Þorsteinn Tryggvi undirrita samning þar sem héraðsskjalasafnið fær höfundarrétt á ljósmyndum Tómasar.

aðfangabók og skjalaskrár rati inn á vefinn. Skjalasafnið er núna mun sýnilegra gagnvart almenningi en áður og þá breytingu eru starfsmenn safnsins þegar farnir að merkja.

Tveir starfsmenn voru ráðnir til skjalasafnsins í tengslum við verkefnið á árinu í tvö stöðugildi, þau: Guðlaug Jóna Helgadóttir og Jóhann Ólafur Sigurðsson. Umsjón og stjórnun var eftir sem áður í höndum Sævars Loga og Þorsteins Tryggva. Samanlagt eru þetta u.þ.b. 2,4 stöðugildi á ársgrundvelli. Á skjalasöfnunum þremur var gert ráð fyrir sex stöðugildum auk vinnuframlags fastráðinna starfsmanna svo ætla má að í heildina séu um 7,2 stöðugildi á söfnunum þremur. Þessum hluta verkefnisins lýkur á fyrsta ársfjórðungi 2014. Auk 15.000.000 króna styrks Mennta- og menningarmálaráðuneytis styrkir Sveitarfélagið Árborg og Menningarráð Suðurlands verkefnið af miklum myndarskap. Velvilji og framsýni þessara aðila hefur skipt sköpum fyrir verkefnið og ber að þakka.

Strax í upphafi var ákveðið að samræma verkferla við skönnun og skráningu á skjalasöfnunum þremur. Þetta á við um gæði á skönnun, litgreiningu á filmum og skráarform. Skönnun og litgreining er ekki aðeins spurning um bætt aðgengi og skráningu á ljósmyndum. Hið rafræna eintak af filmu er í mörgum tilfellum hægt að líta á sem lið í forvörslu – sér í lagi þegar um er að ræða litskyggjur.

Fjöldi samráðsfunda voru haldnir á árinu í tengslum við verklag, skráningu og ekki síst birtingu og leitarbærni á ljósmyndavefjunum. Leit af ljósmynd þarf að vera einföld og fljótleg og mikilvægt að vefviðmótið sé gegnsætt og að notandi geti með einföldum aðgerðum átt sig á því hvort leitarniðurstöður hafi skilað tilætluðum árangri. Tómas Jónsson notaði um 1000 klukkustundir við skráningu á ljósmyndasafni sínu og þá hafa aðrir ljósmyndarar einnig lagt okkur lið. Fjöldi gesta hefur líka lagt okkur lið og oftar en ekki hafa þeir sem sinna erindum á skjalasafninu verið beðnir

um að skoða nokkrar myndir í leiðinni. Bræðurnir Garðar og Gunnar Einarssynir hafa eins og undanfarin ár reynst okkur afskaplega vel í þessu sambandi. Skráning ljósmynda byggir á heimildavinnu starfsmanna og er á sama tíma samvinnuverkefni almennings og starfsmanna skjalasafnsins. Ljósmyndavefurinn mun vafalítið auka enn frekar á þátttöku almennings þegar horft er til skráningar á ljósmyndum.

Selfoss Suðurland er fréttablað sem dreift er í 9.500 eintökum á öll heimili á Suðurlandi. Á árinu voru birtar fjöldi mynda, ýmist af óþekktum einstaklingum, bæjum, kirkjum eða stöðum. Þessi kynning á verkefninu og aðstoð almennings hefur gefið góða raun og mun halda áfram.

Á árinu 2013 voru alls skannaðar inn 40.304 ljósmyndir, en 27.420 myndir voru skráðar. Tæplega 15.000 þessara ljósmynda voru úr afhendingum sem komu fyrir árið 2010. Samtals er þá búið að skanna 84.630 ljósmyndir og skrá 56.483. Rúmlega

20.000 myndir voru afhentar á skjalasafnið árið 2013, hæst ber afhending á ljósmyndasafni Ottó Eyfjörð. Ætla má að á milli 60.000 og 70.000 óskannaðar ljósmyndir séu í vörslu safnsins.

Í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg voru hönnuð tíu ljósmyndaskilti, 130x150 sm. Skiltin voru m.a. sett upp á íþróttasvæði bæjarins fyrir landsmót UMFÍ, fyrir utan Ölfusá við Miðsvæðið svokallaða þar sem veiðimenn renna fyrir lax og á Eyrarbakka uppi á sjóvarnargarðinum við Félagsheimilið Stað. Nú prýða 18 skilti frá héraðsskjalasafninu Selfoss og Eyrarbakka. Á skiltunum er brugðið upp svipmyndum úr bæjarlífinu; s.s. af félags- og tómstundastarfi, vinnustöðum og íþróttaiðkun bæjarbúa.

Stofnbúnaður og tæknimál

Unnið var að því að bæta enn frekar gagnaöryggi, bæði með tilliti til rafræna skráa og ljósmynda á rafrænu formi. Rafræn gögn eru nú bæði vistuð í eldvörðum geymslum safnsins og utan þess, auk þess sem öryggisafritun er stöðugt í gangi. Skjalaskrár, greinargerðir, aðfangabók, bréfasafn o.fl. er skv. lögum prentað út og varðveitt á pappír.

Á árinu 2013 var bætt við ljósmyndaskanna til að bæta gæði skönnunar enn frekar en mikil þróun hefur átt sér stað hvað varðar hug- og vélbúnað ljósmyndaskanna. Þar fyrir utan er hægt að tala um hefðbundið viðhald á öðrum vél- og hugbúnaði.

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árnesinga 2013

Rekstrartekjur safnsins voru 26.260.145 kr. en rekstrargjöld auk stofnbúnaðar 26.722.107 kr. Tap fyrir fjármagnsliði er 461.962. Fjármagnsliðir samtals 734.673 kr. Hagnaður ársins er 272.711 kr.

	2013 SKJALASAFN	2013 ÁÆTLUN	2012 SKJALASAFN
--	--------------------	----------------	--------------------

Rekstrartekjur:

HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA	14.950.000	14.950.000	13.700.000
RÍKISSJÓÐUR ÍSLANDS	728.711	605.000	573.335
RÍKISSJÓÐUR ÍSLANDS LJÓSM.	5.000.000	5.000.000	5.000.000
MENNINGARRÁÐ SUÐURLANDS	1.300.000	1.000.000	1.350.000
SELD ÞJÓNUSTA	1.011.560	1.200.000	1.364.440
SELDAR VÖRUR	139.130	0	0
SV. ÁRBORG STYRKUR	2.530.744	2.700.000	2.935.626
HÚSALEIGUTEKJUR	600.000	0	510.000
SAMTALS	26.260.145	25.455.000	25.433.401

Rekstrargjöld:

LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD	21.796.013	22.364.719	20.075.100
ANNAR REKSTRARKOSTN.	4.635.469	3.886.530	5.412.464
STOFNBÚNAÐUR	0	200.000	0
FRAMLAG ARFS TIL REKSTAR	0	(1.000.000)	0
AFSKRIFTIR	290.625	0	290.625
SAMTALS	26.722.107	25.451.249	25.778.189

(TAP), HAGNAÐUR

FYRIR FJÁRMAGNSLIÐI	(461.401)	(3.751)	(344.788)
---------------------	------------	----------	------------

VAXTATEKJUR	743.401	0	828.649
VAXTA- OG FÆRSLUGJÖLD	(8.728)	0	(14.380)
SAMTALS	734.673	0	814.269

HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	272.711	3.751	469.481
------------------------------	----------------	--------------	----------------



Í heyskap. Líklega á Vatnsleysu. Á myndinni er einhverskonar krani sem hestar eru spenntir fyrir. Myndin er úr safni Gísla Guðmundssonar 2013/17 GG 00018.



Árflóðið í mars byrjun 1948. Verið að róa með fólk að Tryggvaskála. Myndin er úr safni Helga Ágústssonar Sunnuhvoli, 2013/55 HÁ 00207.



Því stórt var á Eyrarbakka áttal höfn fyrir Suðurland. Miklar krana voru notaðar, stórum höttum og því stórum hvarfingum um góða höfn. Milli 1860 og 1870 voru miklar stólar um höfnina í stöð við Eyrarbakka. Höfnin var söðuð og höfnin byggð þá varð hún að kaflabotum. Um aldamótin 1900 setti Þorger Mátelshelga höfn á Eyrarbakka og höfnin var byggð. Höfnin var byggð þá á höfnarmyndun. Á höfnarmyndun. Höfnin var byggð á höfnarmyndun og höfnarmyndun. Höfnin var byggð á höfnarmyndun. Höfnin var byggð á höfnarmyndun.

For centuries Eyrarbakki was the main harbour for the South Coast of Iceland. Conditions were difficult and dangerous. Between 1860 and 1870 there was a great deal of construction about the harbor around Eyrarbakki. The harbor was dredged and the harbor was built in place with 4000 residents and a harbor. In the 1900's a better harbor was built in a place with 4000 residents and a harbor. In the 1900's a better harbor was built in a place with 4000 residents and a harbor. The dream of a good harbor in Eyrarbakki has yet to be realized.

Höfnin á Eyrarbakka
Eyrarbakki harbour

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga 2013

- Fremst í skránni er afhendingarnúmer, þá heiti skjalasafns, umfang í hillumetrum og nafn þess sem afhenti.
- 2013/1 SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG. 4,00 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir afhenti.
- 2013/2 VEIÐIFÉLAG ÁRNESINGA. 0,03 hillumetrar – Jörundur Gauksson afhenti.
- 2013/3 ÞJÖRGUNARSVEITIN TRYGGVI. 0,03 hillumetrar – Ásgeir Valdimarsson afhenti.
- 2013/4 Gunnar Gränz – LJÓSMYNDIR. 0,20 hillumetrar – Gunnar Gränz afhenti.
- 2013/5 KVENFÉLAG BISKUPSTUNGNA. 0,25 hillumetrar – Kvenfélag Biskupstungna, Svava Theodórsdóttir afhenti.
- 2013/6 UNGMENNAFÉLAGIÐ HVÖT. 0,03 hillumetrar – Guðmundur Jóhannesson Klausturhólum afhenti.
- 2013/7 MARGRÉT GÍSLADÓTTIR VATNSLEYSU – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Bjarni Harðarson afhenti.
- 2013/8 SKÓLASKRIFSTOFA SUÐURLANDS. 0,50 hillumetrar – Skólaskrifstofa Suðurlands, Kristín Hreinsdóttir afhenti.
- 2013/9 SÓKNARNEFND BRÉÐRATUNGUSÓKNAR. 0,15 hillumetrar – Jörunn Svavarsdóttir Drumboddsstöðum afhenti.
- 2013/10 OTTÓ EYFJÖRD ÓLASON – LJÓSMYNDIR. 1,0 hillumetrar – Georg Ottósson afhenti.
- 2013/11 ÞÓRARINN ÞORFINNSSON SPÓASTÖÐUM. 0,03 hillumetrar – Garðar Hannesson afhenti.
- 2013/12 SAUÐFJÁRRÆKTARFÉLAG HRUNAMANNAHREPPS. 0,06 hillumetrar – Esther Guðjónsdóttir afhenti.
- 2013/13 SIGMUNDUR SIGURÐSSON SYÐRA-LANGHOLTI – ODDVITINN Í HRUNAMANNAHREPPI. 0,08 hillumetrar – Esther Guðjónsdóttir afhenti.

Eitt af myndaskiltunum sem unnin voru í samvinnu við Sveitarfélagið Árborg. Þetta skilti er við Félagsheimilið Stað á Eyrarbakka.

- 2013/14 TRYGGVASKÁLI. 0,06 hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.
- 2013/15 GUÐBJÖRN EINARSSON KÁRASTÖÐUM. 0,55 hillumetrar – Böðvar Guðmundsson afhenti.
- 2013/16 KRISTJÁN EINARSSON – LJÓSMYNDIR. 0,06 hillumetrar – Kristján Einarsson afhenti.
- 2013/17 GÍSLI GUÐMUNDSSON SKIPASMIÐUR. 0,20 hillumetrar – Guðmundur Gíslason afhenti.
- 2013/18 UNGMENNAFÉLAGIÐ BALDUR HRAUNGERÐISHREPPI. 0,03 hillumetrar – Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga afhenti.
- 2013/19 JÓN INGVARSSON VEGAVERKSTJÓRI NÚPI. 0,03 hillumetrar – Ásrún Jónsdóttir afhenti.
- 2013/20 REYNIR BÖDVARSSON EYRARBAKKA. 0,03 hillumetrar – Ólafur Ragnarsson afhenti.
- 2013/21 UNGMENNAFÉLAG BISKUPSTUNGA. 0,20 hillumetrar – Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli afhenti.
- 2013/22 ODDUR ODDSSON Í REGIN. 0,26 hillumetrar – Þór Magnússon f.h. Sverris Pálssonar afhenti.
- 2013/23 LIONSKLÚBBUR SELFOSS. 0,03 hillumetrar – Halldór Magnússon afhenti.
- 2013/24 ÞORKELL MAGNÚSSON ÁSHEIMUM. 0,03 hillumetrar – Þorkell Magnússon afhenti.
- 2013/25 HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN. 0,50 hillumetrar – Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli afhenti.
- 2013/26 ÓLAFUR ÓLAFSSON EYRARBAKKA. 0,03 hillumetrar – Bókasafn Árborgar, Elfa Kristinsdóttir afhenti.
- 2013/27 RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIDA. 0,06 hillumetrar – Guðmundur Stefánsson Hraungerði afhenti.
- 2013/28 FLÓAAVEITAN. 0,14 hillumetrar – Guðmundur Stefánsson Hraungerði afhenti.
- 2013/29 GREINARGERÐ MEÐ SVÆÐISSKIPULAGI FYRIR SELFOSS, ÖLFUS- OG HVERAGERÐIS-HREPPA. 0,03 hillumetrar – Fjölbrautaskóli Suðurlands, Elin Kr. Guðbrandsdóttir afhenti.
- 2013/30 KVENFÉLAG GAULVERJABÆJARHREPPS. 0,06 hillumetrar – Margrét Jónsdóttir Syðra-Velli Flóahreppi afhenti.
- 2013/31 UNGMENNAFÉLAGIÐ SAMHYGÐ. 0,42 hillumetrar – Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli afhenti.
- 2013/32 FÉLAG IÐNNEMA Á SELFOSSI. 0,26 hillumetrar – Fjölbrautaskóli Suðurlands, Elin Kr. Guðbrandsdóttir afhenti.
- 2013/33 FORÐAGÆSLUMAÐUR GAULVERJABÆJARHREPPS. 0,06 hillumetrar – Karl Þorgrímsson frá Efri-Gegnishólum.
- 2013/34 EFRI-GEGNISHÓLAR, KÚABÆKUR. 0,03 hillumetrar – Karl Þorgrímsson frá Efri-Gegnishólum afhenti.
- 2013/35 NAUTGRIPARÆKTARFÉLAG GAULVERJABÆJARHREPPS. 0,06 hillumetrar – Karl Þorgrímsson frá Efri-Gegnishólum afhenti.
- 2013/36 KVENNALISTINN Á SUÐURLANDI. 0,03 hillumetrar – Nanna Þorláksdóttir afhenti.
- 2013/37 EYGLÓ JÓNA GUNNARSDÓTTIR. 0,03 hillumetrar – Eygló Jóna Gunnarsdóttir afhenti.
- 2013/38 SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG, FRÆDSLUSVIÐ. 0,14 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Ásthildur Bjarnadóttir afhenti.
- 2013/39 PÓSTAFGREIÐSLAN Í HRAUNGERÐI OG VIÐ ÖLFUSÁ. 0,25 hillumetrar – Guðmundur Kristinsson afhenti.
- 2013/40 SÓKNARNEFND MIÐDALSKIRKJU. 0,42 hillumetrar – Rannveig Pálsdóttir afhenti.
- 2013/41 ÖLFUSHREPPUR. 0,30 hillumetrar – Bæjarbókasafn Ölfuss, Barbara Guðnadóttir afhenti.
- 2013/42 JÓN HELGASON – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Jón Helgason afhenti.
- 2013 /43 ÓLAFUR KRISTBJÖRNSSON FRÁ BIRNUSTÖÐUM. 0,06 hillumetrar – María Óskarsdóttir afhenti.
- 2013/44 JÓHANN KR. ÓLAFSSON – LJÓSMYNDIR. 0,06 hillumetrar – Margrét Óskarsdóttir afhenti.
- 2013/45 HVERAGERÐISBÆR. 1,50 hillumetrar – Hveragerðisbær, Helga Kristjánsdóttir afhenti.
- 2013/46 SUNDLAUGIN LAUGASKARÐI. 0,3 hillumetrar – Þorsteinn Hjartarson afhenti.
- 2013/47 LEIKSKÓLINN ÁRBÆR. 1,35 hillumetrar – Leikskólinn Árbær, Kristín Eiríksdóttir afhenti.
- 2013/48 M-HÁTÍÐ Í HVERAGERÐI. 0,03 hillumetrar – Anna Jórunn Stefánsdóttir afhenti.
- 2013/49 KIRKJUKÓRASAMBAND ÁRNESPRÓFASTS-DÆMIS. 0,03 hillumetrar – Anna Jórunn Stefánsdóttir f.h. Ragnheiðar K. Busk afhenti.

- 2013/50 HÚSAVERKEFNI SVEITARFÉLAGSINS ÁRBORGAR. 0,06 hillumetrar – Menningar- og íþróttanefnd Árborgar, Guðmunda Ólafsdóttir afhenti.
- 2013/51 BJÖRGUNARSVEITIN TRYGGVI. 0,06 hillumetrar – Hinrik Óskarsson afhenti.
- 2013/52 BJARNI GUÐMUNDSSON FRÁ BÓLI OG MARÍA EIRÍKSDÓTTIR. 0,08 hillumetrar – Ólavía Vilhjálmsdóttir afhenti.
- 2013/53 GUNNAR EINARSSON – LJÓSMYNDIR. 0,01 hillumetri – Gunnar Einarsson afhenti.
- 2013/54 HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA. 0,40 hillumetrar – Héraðsnefnd Árnesinga bs. Ari B. Thorarensen afhenti.
- 2013/55 HELGI ÁGÚSTSSON SUNNUHVALI – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Böðvar Guðmundsson Sunnuhvoli afhenti.
- 2013/56 GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI. 2,25 hillumetrar – Grunnskólinn í Hveragerði, Alda Pálsdóttir afhenti.
- 2013/57 GUÐLAUG M. BJÖRNSDÓTTIR. 0,06 hillumetrar – Kristján Hannesson afhenti.
- 2013/58 BARNAVERNDARNEFND ÖLFUSS. 0,50 hillumetrar – Sveitarfélagið Ölfuss, Tara Margrét Vilhjálmsdóttir afhenti.
- 2013/59 INGVELDUR MAGNÚSDÓTTIR LJÓSMÓÐIR OG VORSABÆR Á SKEIÐUM. 0,03 hillumetrar – Helga Eiríksdóttir Vorsabæ afhenti.
- 2013/60 UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ ÁRBORGAR. 0,15 hillumetrar – Upplýsingamiðstöð Árborgar, Esther Erla Jónsdóttir afhenti.
- 2013/61 AFRÉTTARMÁLAFÉLAG FLÓA OG SKEIÐA. 0,08 hillumetrar – Ari B. Thorarensen afhenti.
- 2013/62 LEIKSKÓLINN JÖTUNHEIMAR. 0,30 hillumetrar – Leikskólinn Jötunheimar, Helga Geirmundsdóttir afhenti.
- 2013/63 LEIKSKÓLINN ÁSHEIMAR. 0,03 hillumetrar – Helga Geirmundsdóttir afhenti.
- 2013/64 HVERAGERÐISBÆR. 5,00 hillumetrar – Hveragerðisbær, Helga Kristjánsdóttir afhenti.
- 2013/65 SIGURSTEINN ÓLAFSSON FRÁ SYÐRA-VELLI. 0,03 hillumetrar – Sævar Sigursteinsson afhenti.
- 2013/66 ÍÐRÓTTABÓK UNGMENNAFÉLAGS SKEIÐAMANNA. 0,03 hillumetrar – Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli afhenti.
- 2013/67 JÓN JÓNSSON OG RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR VESTRI-LOFTSSTÖÐUM. 0,01 hillumetrar – Jón Áskell Jónsson afhenti.
- 2013/68 ÓLAFUR TH. ÓLAFSSON – TEIKNINGAR. 0,70 hillumetrar – Ólafur Th. Ólafsson afhenti.
- 2013/69 VILLINGAHOLOTSHREPPUR. 1,55 hillumetrar – Flóahreppur, Margrét Sigurðardóttir afhenti.
- 2013/70 UNGMENNAFÉLAGIÐ VAKA. 1,00 hillumetrar – Flóahreppur, Margrét Sigurðardóttir afhenti.
- 2013/71 SKÓLASKRIFSTOFA SUÐURLANDS. 5,50 hillumetrar – Skólaskrifstofa Suðurlands Kristín Hreinsdóttir afhenti.
- 2013/72 GUÐNÝ GUNNARSDÓTTIR – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Guðný Gunnarsdóttir afhenti.
- 2013/73 KERHÓLSSKÓLI, GRÍMSNESI. 0,25 hillumetrar – Kerhóllsskóli afhenti.
- 2013/74 ARNÓR KARLSSON BÓLI. 0,95 hillumetrar – Ólöf Karlsdóttir og Ólafur Sigursveinsson afhentu.
- 2013/75 KARL JÓNSSON GÝGJARHÓLSKÓTI. 0,25 hillumetrar – Ólöf Karlsdóttir og Ólafur Sigursveinsson afhentu.
- 2013/76 GOLFKLÚBBUR ÁRNESINGA. 0,03 hillumetrar – Auðunn Guðjónsson afhenti.
- 2013/77 GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HSK. 0,03 hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.
- 2013/78 FRÉTTABRÉF SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS. 0,03 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.
- 2013/79 ÁVEITAN, FRÉTTABRÉF UNGMENNAFÉLAGANA BALDURS, SAMHYGÐAR OG VÖKU Í FLÓAHREPPI. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka afhentu.
- 2013/80 BLÁSKÓGAFRÉTTIR. FRÉTTABRÉF BLÁSKÓGABYGGÐAR. 0,03 hillumetrar – Sveitarfélagið Bláskógabyggð afhenti.
- 2013/81 ELJAN, BLAÐ VERSLUNARMANNAFÉLAGS SUÐURLANDS OG BÁRUNNAR STÉTTARFÉLAGS. 0,03 hillumetrar – Þjónustuskrifstofa Stéttarféлага á Suðurlandi, Þór Hreinsson afhenti.
- 2013/82 HVATARBLAÐIÐ. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Hvöt Grímsnesi afhenti.

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

Austurvegi 2 • 800 • Sími 482 1259 • Kennitala 630189–2849

myndasetur.is

heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is

Opnunartími

mánudaga til föstudaga kl. 10:00 – 16:00

miðvikudaga lokað

Stjórn safnsins

Sveinn Steinarsson, stjórnarformaður

Kjartan Björnsson, varaformaður

Tryggvi Steinarsson, ritari

Starfsmenn skjalasafnsins

Þorsteinn Tryggvi Mátsson, héraðsskjalavörður

thorsteinn@heradsskjalasafn.is

Sævar Logi Ólafsson, skjalavörður

saevar@heradsskjalasafn.is

Guðlaug Jóna Helgadóttir, ljósmyndasafn

Jóhann Ólafur Sigurðsson, ljósmyndasafn

